# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð um viðurkenningu á innkaupsverði sérlyfja nr. 244/1974.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Sækja ber um sérhverjar breytingar á fob- eða cif-verði sérlyfs og miða við þá gjaldeyristegund, sem innkaupsverð er reiknað út frá.

Umsóknir um slíkar breytingar skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, lyfjamáladeild, með a. m. k. 6 vikna fyrirvara miðað við 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 69. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

*Almar Grímsson.*

Nr. 428. 23. desember 1976.

# GJALDSKRÁ

## Rannsóknastofnunar iðnaðarins yfir rannsóknir og aðra þjónustu.

1. gr.

1. Efnagreiningar.

**1.1. Fóðurefni og matvæli.**

| | | |
|---|---|---|
| Sykurefni (með aðferð Fehlings) | kr. | 1 100.00 |
| Sterkja (í kjötmeti) | — | 1 500.00 |
| Kalsíum | — | 800.00 |
| Fosfór | — | 800.00 |
| Aska | — | 400.00 |
| Salt | — | 500.00 |
| Vatn | — | 400.00 |
| Fita (með Soxhlet) | — | 700.00 |
| Ammoníak | — | 400.00 |
| Natríum nítrít | — | 1 000.00 |
| Protein (Kjeldahl) | — | 1 000.00 |
| Meltanlegt protein | — | 1 700.00 |
| Tréni (aðferð Weende) | — | 900.00 |
| Vatn, aska, protein, fita, tréni | — | 2 800.00 |
| Vatn, aska, protein, fita, tréni, meltanlegt protein, Ca, Mg, Na, P | — | 6 600.00 |

**1.2. Vatn (drykkjarvatn, heitt jarðvatn).**

| | | |
|---|---|---|
| Ammoníak | kr. | 400.00 |
| Permanganattala | — | 600.00 |
| Brennisteinsvetni | — | 700.00 |
| Flúoríð | — | 600.00 |
| Járn | — | 600.00 |

| | | |
|---|---|---|
| $NH_3$, $NO_3$ og $NO_2$ (kvalitatif prófun) | kr. | 600.00 |
| Harka | — | 600.00 |
| Karbónat og bíkarbónat | — | 500.00 |
| Klóríð | — | 500.00 |
| Kísilsýra | — | 1 000.00 |
| Kalsíum og magníum | — | 1 200.00 |
| Natríum og kalíum | — | 1 200.00 |
| Steinefni, uppleyst | — | 800.00 |
| Steinefni, óuppleyst (grugg) | — | 500.00 |
| Súlfat | — | 800.00 |
| Súrefni | — | 700.00 |
| Sýrustig, pH | — | 400.00 |
| Viðnám rafmagns | — | 400.00 |

1.3. **Aðrar efnagreiningar.**
Aðrar efnagreiningar en þær, sem að framan greinir, eru unnar í tímavinnu. Innifalin er notkun efnagreinatækja.

## 2. Efnisprófanir.

2.1. **Efnisprófanir,** svo sem röntgenprófanir, hljóðbylgjumælingar, sprunguleit og hörkumælingar svo og not tilheyrandi tækja greiðist skv. ákvæðum 2. gr.

2.2. **Togþolsmælingar.**

| | | |
|---|---|---|
| Prófun á togþoli, flotspennu og lengingu, pr. sýni | kr. | 1 000.00 |
| Togprófun án skýrslu, vélavinna eingöngu, pr. klst. | — | 1 700.00 |

2.3. **Ljósþolsmælingar.**

| | | |
|---|---|---|
| Ljósþolsmæling, pr. sýni (300 klst.) | kr. | 2 400.00 |
| Ljósþolsmæling, pr. sýni (1000 klst.) | — | 5 000.00 |

2.4. **Slitþolsmælingar.**

| | | |
|---|---|---|
| Slitþolsmæling, pr. sýni | kr. | 2 000.00 |

2.5. **Aðrar prófanir.**
Aðrar prófanir en þær, sem að framan greinir, eru unnar í tímavinnu. Innifalin er notkun tækja.

## 3. Önnur þjónusta.

Ráðgjafarstörf, hæfnispróf í málmsuðu, málmsuðuþjálfun og önnur áþekk þjónusta greiðist hverju sinni með hliðsjón af ákv. 2. gr.

## 2. gr.

Gjaldskráin er miðuð við áætlaða tímaþörf rannsókna og prófana. Ef um sérstæð verk er að ræða skal verðleggja rannsókn samkvæmt tímaþörf hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.
Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 130 2. maí 1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1976.*

**F. h. r.**
**Árni Snævarr.**

*Kristmundur Halldórsson.*